

Sp.

98. Breytingartillaga

við till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, sem ekki verða numin hérlendis, nægilegan gjaldeyri í té miðað við framfærslukostnað og námskostnað í þeim löndum, sem þeir dveljast í;
2. að fela nú þegar menntamálaráði að úthluta gjaldeyrisleyfum til námsmanna í samráði við viðskiptanefnd;
3. að hlutast til um, að fullt tillit sé tekið til þess við úthlutun gjaldeyrisleyfa, hvort aðili stundar nám allt árið eða aðeins hluta af árinu, og hvort hann jafnframt hefur fyrir fjölskyldu að sjá á meðan á námi stendur;
4. að láta námsmönnum, sem nú eru erlendis, í té aukagjaldeyrisleyfi fyrir n. k. desembermánuð, er nemi minnst fimm hundruð krónun á nemandan.